Demantar, perlur og skínandi gull. Handsmíðað fyrir þig.
Gull & Silfur
Opið til 22
Laugavegi 52, Reykjavík

13. DESEMBER 2014 • 46. tölublað 5. árgangur
REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

Mynd: Pressphotos.biz

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpi?

Niðurskurður, brauðmolar, nýfrjálshyggja

Stefna ríkisstjórnar Íslands einkennist af niðurskurði og nýfrjálshyggju og brauðmolakenningunni svonefndu, einkum þegar kemur að sjávarútveginum. Þetta er meðal þess sem álitsgjafar Reykjavíkur vikublaðs nefna, þegar þeir eru beðnir um að lýsa stefnu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins með hliðsjón af fjárlagafrumvarpinu.

„Fólk sér þetta og horfir upp á hnignandi heilbrigðisþjónustu og aðþrengda skóla. Spennan er um þetta. Ég hygg að það sé þess vegna sem ríkisstjórnin er ekki að ganga lengra. Þeir ætluðu sér alltaf að ganga miklu lengra í átt að því að endurheimta skattkerfið eins og það var fyrir hrun," segir Stefán Ólafsson prófessor í félagsfræði meðal annars.

Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og doktor í stjórnmálafræði, segir að þolinmæði almennings sé lítil. Fólk hafi viljað taka á sig byrðar á árunum eftir hrun, en þegar stjórnmálamenn hafi talað um að allt sé á uppleið, þá vilji það finna það á eigin skinni.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar Alþingis segir að gagnrýni á fjárlagafrumvarpið sé „Samfylkingarspuni" og sakar blaðamann um að taka þátt í stjórnarandstöðumálþófi.

Sjá bls. 10-11.

... svo ótrúlega þægileg
eftir sturtuna eða baðið!

Frábær gjöf fyrir dömur
á öllum aldri.
Verð: 3390 kr. og
3190 (barnastærð 3-9 ára)
Fáanleg í 12 litum

Sif
höfuðhandklæði
gsm 660 8860
elfursif@internet.is
Nánar um sölustaði á facebook

Ódýru og persónulegu jólakortin færðu hjá okkur
Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsefni • Jólakort
Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar
Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf • Ársreikningar
FRUM
...góður jólapunktur
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie®
REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Ný sending af Reverie®
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

20-50% afsláttur
D0mu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf

20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-

20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-

Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Aðventuhátíð Háaleitisskóla

Börn í grunn- og leikskólum borgarinnar hafa nóg við að vera í skammdeginu fyrir jólin. Aðventuhátíð var haldin í fallegu vetrarveðri við starfsstöðvar Háaleitisskóla á dögunum, en skólinn starfar í Álftamýri og Hvassaleiti.

Börnin unnu ýmis verkefni, eins og að búa til jólamat fyrir fuglana, föndra jólaskraut sem þau hengdu upp í trén, sungu og léku sér. Þá var poppað yfir eldi, grillaðir sykurpúðar og myndlist varpað á skólavegg.

Orkuveitan hyggst taka tíu milljarða lán

Orkuveita Reykjavíkur hefur í hyggju að taka lán upp á tíu milljarða króna á næsta ári, til að bæta lausafjárstöðu sína. Fjallað hefur verið um málið á eigendafundi Orkuveitunnar sem haldinn var nýlega, auk þess sem stofnanir borgarinnar fjölluðu um málið í tengslum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á dögunum.

„Rekstur Orkuveitunnar hefur batnað verulega á síðustu árum og fjárhagsstaðan þar með styrkst. Þess vegna standa fyrirtækinu nú til boða leiðir í fjárstýringu og áhættuvörnum, sem áður voru lokaðar. Að bæta lausafjárstöðuna með hagstæðum lánum er ein þeirra. Áætlanir Orkuveitunnar til næstu sex ára, sem hafa verið birtar almenningi og eigendur hafa nú samþykkt, gera ráð fyrir því að þessi leið verði farin," segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í samtali við blaðið.

Í svonefndu Plani, um viðsnúning í rekstri OR sem gildir til ársins 2016, var ekki gert ráð fyrir nýjum lántökum. Fram kemur í bókun á eigendafundi OR sem haldinn var í lok nóvember að markmið Plansins hafi „gengið eftir og gott betur". Þess vegna samþykki fulltrúar eigenda þessa fyrirhuguðu lántöku. „Einstakar nýjar lántökur, sem njóta eiga ábyrgðar eigenda, munu eftir sem áður þurfa samþykki eigenda," segir þar enn fremur. „Andvirði lánanna verður geymt í sjóði Orkuveitunnar og er ekki ætlað að verja því til fjárfestinga. Lánin auka því ekki á hreina lánabyrði samstæðu Reykjavíkurborgar," segir í rökstuðningi Orkuveitunnar um fyrirhugaða lántöku til borgarinnar. Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri borgarinnar segir í umsögn Fjármálaskrifstofu borgarinnar að með því að samþykkja lántökuna sé verið að treysta rekstur OR og draga úr lausafjáráhættu félagsins.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.

Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur námu ríflega 200 milljörðum króna í lok september samkvæmt níu mánaða uppgjöri.

Reykjavíkurborg á rúm 93,5 prósenta hlut í OR, Akraneskaupstaður rúm 5,5 prósent og Borgarbyggð tæpt prósent.

Ekkert hefur dregið úr aðsókn eftir jólaaðstoð Mæðrastyrksnefndar:

Launin duga ekki

Við höfum verið að taka á móti pöntunum og við miðum við að það komi ekki færri en í fyrra, en þá komu á þriðja þúsund manns," segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastykrsnefndar Reykjavíkur, um jólaaðstoð nefndarinnar.

Úthlutunin fer fram við Korputorg dagana 19. og 20. þessa mánaðar.

Ragnhildur segir að fólk sem sækist eftir aðstoð komi úr ýmsum hópum. Þarna komi ungt fólk, atvinnulausir, öryrkjar og líka heilsuhraust fólk í fullri vinnu.

„Launin eru svo lág að fólk sem er í hundrað prósent starfi nær samt ekki að klára dæmið," segir Ragnhildur. „Tökum bara einstæða móður með eitt, tvö eða þrjú börn. Þetta bara dugar ekki. Alveg eins með öryrkja og marga eldri borgara. Svo ætla ég að nefna einn stóran hóp sem sækir til okkar, og það eru útlendingar. Þeir eiga býsna erfitt margir hér."

Ekki ástæða til framkvæmda

Ekki er talin ástæða til þess að ráðast í sérstakar framkvæmdir á bílastæðum fyrir fatlaða við sundlaugina í Breiðholti. Ástæðan er sú að Breiðholtslaug er óaðgengileg fötluðu fólki, segir meðal annars í fundargerð Ferlinefndar fatlaðs fólks frá því á dögunum. Nefndin telur brýnt forgangsmál að laugin verði gerð aðgengileg öllum.

Stórviðburðar minnst

Á næsta ári verða liðin 100 ár frá því Kristján konungur X skrifaði undir lög frá Alþingi sem færðu konum kosningarétt til Alþingis, mjög takmarkaðan að vísu, en langþráðan. Þetta gerðist þann 19. júní 1915 og alla tíð síðan hefur sá dagur verið sérstakur kvenréttindadagur. Þessa stórviðburðar verður minnst með margvíslegum hætti. Alþingi hefur samþykkt að láta um 100 milljónir rakna til afmælishaldsins. Sérstök framkvæmdanefnd, sem kjörin var á almennum kvennafundi í september 2013, hefur haft veg og vanda af að velja afmælisverkefni," segir meðal annars í grein Auðar Stykrársdóttur, formanns framkvæmdanefndarinnar. ***Sjá bls. 12.***

.IS

skráðu þitt .is lén

www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

Seilst í vasa sem litlir eru fyrir

Ég tel að hugsjón sé drifkrafturinn á þessum markaði en ekki hagnaðarvon," segir Dögg Hjaltalín viðskiptafræðingur um íslenskan bókamarkað, en hún skrifaði lokaritgerð sína um hann. „Nýjustu opinberar tölur sýna að ársveltan er í kringum sjö milljarðar króna og því eru tekjur ríkissjóðs af hækkun virðisaukaskatts á bókum innan við 500 milljónir króna. Ég hef miklar áhyggjur af hækkun virðisaukaskatts á bækur því með því er verið að hækka verð á bækur sem eru í beinni samkeppni við alla aðra afþreyingu. Áhugavert er einnig að nefna í þessu samhengi að Svíar lækkuðu virðisaukaskatt á bókum úr 25% í 6% árið 2002 og leiddi það til 20% aukningar í bóksölu og að sjálfsögðu eru frændur okkar Norðmenn ekki með virðisaukaskatt á bókum. Bókaútgáfa hefur verið blómleg en það er óþarfi að sælast í þá vasa sem eru litlir fyrir. Það er einnig verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni þar sem lestur bóka er mikilvægur fyrir þroska fólks, lesturinn eykur lífsgæði og sterk bókmenning skapar betri sjálfvitund og ímynd þjóðarinnar." ***Sjá bls. 10.***

Jólaskógurinn opnar í dag

Jólaskógurinn á Hólmsheiði verður opnaður nú í dag klukkan 11. Þangað getur fólk farið og höggvið sitt eigið jólatré. Ágóði af sölu trjánna rennur til uppbyggingar og viðhalds í Heiðmörk, segir á heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur. Jólaskógurinn verður opinn nú um helgina milli kl. 11 og 16 og svo líka næstu helgi á sama tíma.

Jólasveinar koma í heimsókn, segir skógræktarfélagið og varðeldur kveiktur. Boðið verður upp á heitt kakó og jólalög verða sungin.

Einnig er hægt að kaupa tré á Jólamarkaðnum Elliðavatni í Heiðmörk en opnunartíminn er hinn sami.

Hægt er að fara akandi í Jólaskóginn á Hólmsheiði með því að fara Suðurlandsveg, beygja inn á Hafravatnsveg og þar taka við skilti sem vísa veginn. Einnig má finna kort inn á vefnum heidmork.is.

Tékkarnir farnir

Tékkneska flugsveitin sem hér hefur verið við svonefnda loftrýmisgæslu frá í október, fór af landi brott um helgina. Liðið var hér mun lengur en fyrirhugað var. Áætlað er að kostnaður ríkisins vegna framlengingar á loftrýmiseftirlitinu muni nema á bilinu 6-10 milljónum króna.

Flugsveit frá Tékklandi kom hingað til lands snemma í október, um 80 manns og fimm orrustuþotur. Liðið var við æfingar við Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, að því er fram kom í fréttatilkynningu Landhelgisgæslunnar frá því í byrjun þessa mánaðar.

Alla jafna er gert ráð fyrir því að svona æfingar standi aðeins í fáar vikur, en Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, sagði að ákveðið hefði verið að framlengja dvöl Tékkanna „Einfaldlega út af því að ástand mála hefur þróast í þessa átt á undanförnum mánuðum," sagði ráðherrann við Rúv og vísað til aukinna umsvifa Rússa í háloftunum. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni hefur ekki orðið vart við aukið flug á svæði Íslands.

„Kostnaður við hefðbundið 3 vikna loftrýmiseftirlit er að jafnaði á bilinu 10-20 milljónir. Lengri dvöl, eins og í þessu tilfelli, fylgir viðbótarkostnaður sem felst fyrst og fremst í öryggisgæslu og annarri þjónustu sem keypt er af Isavia, leigu á bílaleigubílum vegna flutninga á liðsmönnum tékkneska flughersins innan öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli, þrifum og fjarskiptakostnaði. Áætlað er að kostnaðurinn verði á bilinu 6-10 milljónir en hann mun ekki liggja fyrir fyrr en búið verður að gera upp við íslenska þjónustuaðila," segir í skriflegu svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Reykjavíkur vikublaðs um kostnað vegna framlengingar á dvöl Tékkanna. „Kostnaður íslenskra stjórnvalda af loftrýmisgæslu erlendra flugherja er að jafnaði innan við 10% af því sem þeir greiða fyrir veru sína á sama tímabili til þjónustuaðila á Suðurnesjum," segir í svarinu sömuleiðis.

ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR

Falleg bók sem á að vera til á hverju heimili

Allar helstu þjóðsögurnar úr safni Jóns Árnasonar er nú loks fáanlegar í fallegri bók. Söguhetjurnar mæta ljóslifandi til leiks á teikningum Freydísar Kristjánsdóttur. Sæmundur fróði, Búkolla, Bakkabræður, djákninn á Myrká, Gilitrutt, Galdra-Loftur og aðrir gamlir kunningjar bíða þess að kynnast nýrri kynslóð.

heimur

Sími **512 7575** • Borgartúni 23 • 105 Reykjavík • heimur@heimur.is • www.heimur.is

LEIÐARI

„Samfylkingarspuni“

Fjölmiðlar fylgdust um tíma mjög grannt með starfi mæðrastyrksnefnda og annarra samtaka sem aðstoða efnalítið fólk, en ekki hefur borið mikið á slíkum fréttum nú í haust. Þetta er umhugsunarvert, ekki síst í ljósi þess að skjólstæðingum nefndanna fer alls ekki fækkandi, og fjölgar jafn vel. Það er slæmt að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi skuli á þessum tímum um leið leggja sig fram um að breikka bilið í samfélaginu, bæði með aukinni gjaldtöku í velferðarkerfinu og líka með hækkun á neyslusköttum. Þetta eru vondar fréttir fyrir þá sem minna mega sín, barnafólk og þá sem reyna að koma þaki yfir höfuðið. Að ógleymdum öllum þeim sem ekkert finna fyrir svonefndri „leiðréttingu“ verðtryggðra húsnæðislána.

Fólk sem hefur verið atvinnulaust um lengri tíma er í hópi þeirra sem leitar sér sérstakrar aðstoðar fyrir jólin, og líka á öðrum tímum árs. Nú stendur til að stytta bótatímabil atvinnuleysisbóta um hálft ár og draga verulega úr vinnumarkaðsúrræðum. Ekkert hefur heyrst um að ríkisstjórnin ætli að bakka út úr því. Spyrja má hvort stjórnvöld ímyndi sér að við það eitt að skutla þeim sem misst hefur vinnuna út af bótum að þá spretti upp vel launuð störf fyrir hvern og einn? Kannski gera þau það, en veruleikinn er sá að hér er kostnaði velt yfir á sveitarfélög. Þeir sem misst hafa vinnuna standa í verri sporum en áður. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er nefnilega yfirleitt öllu minni en sem nemur fjárhæð atvinnuleysisbóta.

Nú má spyrja hvað verður, en ekki virðist mikil stemning hjá þingmönnum stjórnarflokkanna fyrir því að hlusta á sjálfsagðar spurningar, gagnrýnisraddir og eðlilegar áhyggjur af þróun mála.

Eins og lesa má í hér blaðinu eru spurningar blaðamanns sem reynir að varpa ljósi á stefnu og gjörðir ríkisstjórnarinnar afgreiddar sem „Samfylkingarspuni“ og spyrjandi sakaður um að taka þátt í málþófi stjórnarandstöðu á Alþingi. Þetta eru undarleg viðbrögð frá stjórnmálamanni þegar hann er inntur eftir viðhorfum sínum og rökum fyrir þeirri stefnu sem rekin er.

Það er fróðlegt að heyra viðhorf fræðimanna á stefnu ríkisstjórnarinnar. Einn bendir á að stefnan sé á aðhald og greiðslu skulda. Þannig er líka talað, en ekki hefur orðið vart við að skuldir ríkisins hafi lækkað. Einnig er bent á að brauðmolakenningin sé í gildi og að ríkisstjórnin virðist vilja endurvekja þá nýfrjálshyggju sem hér ríkti fram að hruni. Það er stefna sem leiðir til misskiptingar.

Nú hafa helstu alþjóðlegar stofnanir einmitt varað við misskiptingu, OECD og Alþjóðabankinn, eru í þessum hópi svo tvö dæmi séu tekin. Það ætti að gefa tilefni til að staldra aðeins við. Er viðhorfið ef til vill það að þessar alþjóðastofnanir séu þátttakendur í „Samfylkingarspuna“? Fyrir hrun var gagnrýni afgreidd með kröfu um endurmenntun. Núna er kominn nýr frasi, en viðhorfið er hið sama. Á meðan verður ekki vart við að raðirnar styttist hjá mæðrastyrksnefndum.

Ingimar Karl Helgason

Barnaborgin

Fyrir um rúmlega þremur árum veltum við hjónin því fyrir okkur að flytja úr okkar ástkæra Vesturbæ en þar höfðum við skotið rótum þegar ég gekk með fyrsta barn okkar fyrir rúmum tuttugu árum. Síðar á lífsleiðinni blessaði almættið okkur með ívið fleiri börnum en við höfðum gert ráð fyrir í okkar villtustu framtíðarvangaveltum og allt í einu (eða sú var tilfinningin) vorum við sjö að kúldrast um í blokkaríbúð á Hjarðarhaga. Minningin um Ólátagarð kom oft upp í hugann. Við skoðum fasteignablaðaauka og –vefi nokkuð ítarlega og oft á þessum tíma.

Við veltum því fyrir mér að flytja í önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu enda lít ég svo á að við búum hér í einni borg þrátt fyrir pólítíska og sögulega skiptingu svæðisins í sex sveitarfélög. Ég tel reyndar líka að það falli til alltof mikill stjórnsýslukostnaður í þessari ríflega 200 þúsund manna borg en það er svo sem önnur saga. Alla vega, við skoðuðum fasteignir í öðrum sveitarfélögum en það rann síðar upp fyrir okkur að við hefðum ekki efni á að yfirgefa gömlu góðu Reykjavík. Ástæðan var einföld, við vorum á þessum tíma í heldur óvenjulegri stöðu með þrjú börn í leikskóla og þriðja barnið var með 100% afslátt af leikskólagjöldum. Að flytja í önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hefði þýtt mikinn kostnaðarauka sem einfaldlega kom ekki til greina að viðbættum þeim útgjöldum sem falla til aukalega við það stækka við sig í húsnæði.

Reykjavík var þá eini valkosturinn fyrir okkur og verður það áfram af því að borgin er einfaldlega langbesti kosturinn fyrir barnafjölskyldur. Hún var það á síðasta kjörtímabili og þróast enn frekar í þá átt undir núverandi meirihlutastjórn Samfylkingar, Besta flokksins, Vinstri grænna og Pírata.

Samkvæmt fjárhagsáætlun sem borgarmeirihlutinn lagði fram nú í byrjun desember verða leikskólagjöld lækkuð um rúm 6%, frístundastyrkur hækkar og systkinaafslættir þvert á skólastig verða að veruleika. Allt eru þetta þættir sem koma barnafjölskyldum í Reykjavík til góða. Að auki verður auknum fjármunum varið til að auka gæði skólamáltíða í leik- og grunnskólum og til að aðstoða börn foreldra af erlendum uppruna og tekjulágra foreldra til að nýta frístundastyrkinn og hvetja börn sín til tómstundastarfs en rannsóknir hafa sýnt að þessir hópar fólks nýti frístundakortið í minna mæli en aðrir foreldrar. Unnið er að lausnum til að brúa bilið eftir að fæðingarorlofi lýkur og leikskóli tekur við enda mikið í húfi fyrir foreldra ungra barna.

Nýlega gerði fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar samanburð á kostnaði hjá barnafjölskyldum í borginni og var þá miðað við fjölskyldur með eitt, tvö og þrjú börn. Bæði var tekið mið af einstæðum foreldrum og í sambúð. Í öllum tilfellum var ódýrast að búa í Reykjavík. Niðurstöðurnar komu mér ekkert á óvart. Ég var löngu búin að komast að sömu niðurstöðu.

Ps. Við uppfærðum að lokum úr 107 í 108 og komumst að því að Bústaðir eru bestir!

Höfundur er Dóra Magnúsdóttir, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ
46. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is, **Veffang:** fotspor.is, **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarlhelgason@gmail.com, **Blaðamaður:** Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. **Menningarblaðamaður:** Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenskurmatur.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Landsprent, 50.000 eintök. **Dreifing:** Póst dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **50.000** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Ummæli með erindi:

„Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi með aðhaldi og hlutlægri umfjöllun um íslenskt samfélag. Á RÚV hvílir rík, lýðræðis- og samfélagsleg skylda og því ber að þjóna öllu landinu. Útvarpsgjaldið verður því að renna óskipt til RÚV.“

- úr ályktunum flokksþings Framsóknarflokksins 2013.

HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Hálfa leið

Það þótti mörgum gæfuspor hjá Bjarna Benediktssyni að gera Ólöfu Nordal að innanríkisráðherra í stað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Annars er hætt við að kynjahlutföllin í ríkisstjórninni hefðu orðið enn verri en þau eru. Svo kom raunar á daginn að Einar K. Guðfinnsson var fyrsti kostur, svo líklega voru kynjahlutföllin ekki ofarlega í huga formanns Sjálfstæðisflokksins og hrósið kannski óþarft. Þrír karlar eru í ráðherraliði flokksins og tvær konur. Dæmið er hins vegar annað og verra framsóknarmegin. Þar er konan ein, en karlarnir þrír og mikil karlaslagsíða á ríkisstjórninni allri.

Bjartsýni

Framsóknarmenn nenna ekki lengur að styðja Ríkisútvarpið sagði þingflokksformaður flokksins í vikunni við Egil Helgason og staðfesti ummæli sín í ræðustól Alþingis. Framsóknarmenn hafa sótt hart að Ríkisútvarpinu í orði og verki undanfarna mánuði og misseri. Hvers vegna stjórnarandstaðan reynir að finna vonarglætu í þingmönnum Framsóknarflokksins í þessum efnum og sumum öðrum er svo aftur sjálfstætt umræðuefni. En sjálfsagt er stjórnarandstaðan svona jákvæð og bjartsýn að eðlisfari.

2007 taugin

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur farið hamförum gegn Ríkisútvarpinu undanfarið og þyrlað upp allnokkru moldviðri og deilt opinberlega við samflokksmenn sína. Þá hefur í heitum pottum rifjast upp dýrasta prófkjör Íslandssögunnar, og tugmilljónirnar sem fóru fyrir milligöngu þingmannsins frá FL-group og í sjóði Sjálfstæðisflokksins. Ekki voru margar dagleiðir milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og FL group á sínum tíma, og víst er að ekki eru þær margar milli sama Jóns og 365 miðla þessi misserin, hvað sem fólk kynni að lesa í það.

Tóm vitleysa

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tók áhugaverða rispu á Alþingi í vikunni í umræðu um fjárframlög til háskóla og felldi í leiðinni merkilegan dóm yfir öllu stjórnarskrárstarfinuá síðasta kjörtímabili: „Þá vil ég benda það voru til fjármunir til dæmis til að ráðast í stórfelldar breytingar á stjórnarskrá landsins sem síðan reyndust tóm vitleysa og kostuðu hundruðir og aftur hundruðir milljóna. Og skiluðu engu og hefðu betur farið, virðulegi forseti, til háskóla Íslands og háskólastigsins almennt.“ Víst er að drjúgur hluti almennings, sem í þjóðaratkvæðagreiðslu valdi að fá þessa nýju stjórnarskrá, klóri sér í hausnum yfir núverandi valdhöfum.

Í FRÉTTUM

Hneyksli

„Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa nú allir lækkað vexti sína í kjölfar ákvörðunar Seðlabankans um að lækka stýrivexti í byrjun nóvember. Það er gott og blessað. En bankarnir gripu hins vegar tækifærið og juku vaxtamuninn - innlán skila nú minni ávinningi og útlán lækka ekki eins mikið og efni standa til. Afleiðingarnar eru þær að heimilin í landinu verða af hundruðum milljóna króna,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR. Þetta hneykslí vekur eðlilega athygli.

Kreppa

Hagstofan benti á það í vikunni að hagvöxtur fyrstu níu mánuði ársins hefði numið hálfu prósenti. Ekki bara það, heldur hefði á þriðja fjórðungi ársins orðið samdráttur um 0,2 prósent. Það yrði fróðlegt að heyra í talsmönnum ríkisstjórnarinnar um þetta. Þeir hafa ekki lítið gumað af árangri sínum í efnahagsmálum, ekki síst hagvextinum sem þeir fengu í meðgjöf frá síðustu ríkisstjórn.

Rök?

Það er áhugavert að í ríki þar sem stjórnmálin, stjórnsýsla á tveimur stigum, hagsmunaaðilar og fleiri, hafa með samráði og undirbúningi komist að niðurstöðu, að tímabundinn ráðherra, geti gert að engu með ákvörðun sem hvergi hefur verið rökstudd. Hér er rætt um lögregluna á Höfn í Hornafirði en forsætisráðherra ákvað að hún skyldi tilheyra sínu kjördæmi.

Engin svör

Það er forvitnilegt að ekki hafi komið svör á Alþingi við fyrirspurnum um „leiðréttinguna“ svonefndu, til dæmis um skiptingu milli landshluta. Þegar menn hafa tekið ákvarðanir um tugmilljarða útgjöld úr ríkissjóði, þá mætti ætla að þeir hefðu einhverja hugmynd um það hvernig aðgerðin kæmi út. Svo virðist ekki vera.

Hin leiðréttingin

Á daginn hefur komið að yfir 2000 nemendur, hálfur árgangur, fengu rangt gefið fyrir rétt svör á samræmdu prófi. Þetta er auðvitað ofboðslega klaufalegt, en nú stendur til að laga þetta. Er þá líklega loksins komin fram hin eiginlega leiðrétting.

Pyntingar

Aðgerðir bandarískra yfirvalda gagnvart fólki víða úr heimi, fangelsun og pyntingar, eru í kastljósinu vegna nýrrar skýrslu. Þar er staðfest sem lengi hefur verið vitað. Upplýst hefur verið að flugvélar bandarísku leyniþjónustunnar hafa komið hér við, hugsanlega með fórnarlömbunum innan borðs. Það hlýtur að vera kappsmál að þessi mál verði upplýst. Þetta mál má ekki þegja í hel þótt forsvarsmenn stjórnvalda á þessum tíma hafi komið úr núverandi stjórnarflokkum.

11 DAGAR TIL JÓLA

Grjótaþorpið litabók
Verð: 2.799.-



Vakandi veröld
Vildarverð: 4.599.-



Eleanor og Park
Vildarverð: 4.599.-

Töfraflautan
Vildarverð: 3.499.-

Tímin minn 2015
Vildarverð: 3.499.-

Lína Langsokkur geisladiskur
Verð: 2.999



Órói
Verð: 3.299.-



Árleysi árs og alda
Vildarverð: 5.999.-

Tarfurinn frá Skipalóni
Vildarverð: 5.899.-



Hrossahlátur
Verð: 4.299.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTINU

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárugötu 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er frá 13. desember, til og með 17. desember.
Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Jólagjafir
- fyrir heimilin í landinu

Leikum okkur

Leikjatölvur frá Nintendo®
í regnbogans litum

Mikið úrval leikja í allar gerðir Nintendo leikjatölva

veho. Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku. (Lýsing á við K-2)

Veho Sportmyndavél K-1
án tösku, skjás og hylkis **kr. 36.900,-**

Verð: 54.900,- kr.

MUVI™ K-SERIES

CELESTRON Stjörnusjónauki

Jólatilboð: 18.600
áður 24.900

Pioneer HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-K

Hljómtækjastæða vegghengjanleg

2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir

Verð: 44.900,-
Nú án vörugjalda 33.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

PIX-CM32BT-K

Hljómtækjastæða með Bluetooth

30W (15W + 15W RMS) (8Ω) - 2-Way Bass-Reflex Hátalarar - MP3, WMA - AM/FM Útvarp m.45 st.minni - Innbyggt Blueooth - Pioneer Wireless Streaming App - iPod, iPhone, iPad í gegnum USB

3 litir

Verð: 49.900,-
Nú án vörugjalda 39.920,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

PL-990

Plötuspilari

Alsjálfvirkur, 33/45 snúninga, reimdrifinn, innbyggður formagnari

Verð: 39.900,-
Nú án vörugjalda 31.920,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

SBX-N550

Verð: 64.900,-

Soundbar

Nú án vörugjalda 51.920,-

140W, innbyggður bassi, Class D magnari, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB

SBX-N750

Verð: 94.900,-

Soundbar

Nú án vörugjalda 75.920,-

270W, innbyggður bassi, Class D magnari, Þráðlaust 150W bassabox, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB

Pioneer HLJÓMTÆKI

BDP-170-K

Blu-ray 3D

Blu Ray spilari 3D

Spilar DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE, CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL/-RW, DVD+R/+RW, DL/+RW,
Tengi: HDMI, USB, WiFi

Verð: 44.900,-
Nú án vörugjalda 33.500,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

X-EM12

Hljómtækjastæða

2x15W magnari, FM útvarp m. 30stöðva minni, geislaspilari, USB afspilun

Verð: 27.900,-
Nú án vörugjalda 22.320,-

Pioneer heyrnartól

30% afsláttur

AEG

Ryksugurnar frá AEG hafa þjónað íslendingum í áratugi.

Góð jólagjöf til heimilisins

20% afsláttur

Góðar jólagjafir til heimilisins í einstöku úrvali

NÝ kaffivél

Emile Henry FRANCE

FLAME

FLAME LEIRPOTTARNIR frá Emile Henry

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.

Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.

NÝ SENDING

brabantia solid company get together

VELDU VANDAÐ - ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

OBH NORDICA

Kaffivélin frábæra sem sýður vatnið. Fæst í 3 litum.

Jólatilboð:
19.990

NIVONA

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.

Jólatilboð:
89.900

ROMMELSBACHER

Öflugt og vandað mínútugrill

Jólatilboð: 16.990

Allinox

10, 14 og 19 lítra stálpottar á frábæru verði.

POPPVÉLIN SEM GERIR ÞAÐ ROSALEGA GOTT

OBH NORDICA
6398

9.990

Ómissandi græja fyrir alla poppara landsins.

AEG

Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús

AEG TÖFRASPROTI MEÐ AUKAHLUTUM

Tefal POTTAR&PÖNNUR

TEFAL POTTAR OG PÖNNUR HAFA VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR

Velkomin í Lágmúlann

OPIÐ LAUGARDAG KL. 11 -18 / SUNNUDAG KL. 13 -17

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR · BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333

HRINGBORÐIÐ

Eiga vændiskaup að liggja í þagnargildi?

Kaup á vændi eru bönnuð með lögum. Nokkrir tugir manna hafa verið sakfelldir fyrir vændiskaup. Þeim hafa verið gerðar sektir upp á 80-120 þúsund krónur. Réttarhöld hafa verið haldin fyrir luktum dyrum, dómar hafa yfirleitt ekki verið birtir og dæmdir brotamenn hafa aldrei verið nafngreindir. Lögregla hefur upplýst að vændiskaupamál hafa yfirleitt komið upp í tengslum við rannsóknir á mansali. Ríkissaksóknari krafðist þess nýlega að réttarhöld í málum 40 karla sem ákærðir eru fyrir vændiskaup yrðu haldin í heyranda hljóði. Bent hefur verið á að lögin sem banna vændiskaup hafa minni fælingarmátt en ella við svo búið, en líka hefur því verið haldið fram að ekki eigi að setja menn í „gapastokk". Hvað finnst þér? – Rétt er að halda því til haga að ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs hefur óskað eftir því að réttarhöld í þessum málum verði opin.

Íris Ellenberger, sagnfræðingur

Vernd brotamanna

Miðað við sektirnar þá virðist sem að vændiskaup þyki ekkert sérstaklega alvarlegir glæpir í dómskerfinu. Ég skil því ekki af hverju það þarf að vernda afbrotamennina svona miklu betur en fólk sem að gerist sekt um önnur brot. Vissulega er rökrétt að hafa réttarhöld lokuð við ákveðnar kringumstæður, t.d. ef að vændismanneskjan er viðstödd. Þá þykir mér sjálfsagt að gera ekki nafn hennar eða aðrar persónuupplýsingar opinberar. En það er þó ekkert sem ætti að koma í veg fyrir að hægt sé að birta dóma í vændiskaupamálum þar sem að einstaklingar sem hafa verið fundnir sekir eru nafngreindir, líkt og gert er t.d. í kynferðisbrotadómum þótt það yfirleitt séu harðari viðurlög við kynferðisbrotum en vændiskaupum, vilji maður greina þar á milli. Ég sé því engin haldbær rök fyrir því að gerendur í vændiskaupamálum séu „vernduðustu afbrotamenn landsins", eins og einhver komst svo vel að orði. Frekar ætti að gæta að samræmi í nafnbirtingum, óháð eðli brotanna.

Snorri Stefánsson, lögfræðingur

Fælingarmáttur

Meginreglan er sú að allir geta fylgst með réttarhöldum. Frá því eru svo nokkrar undantekningar meðal annars hvað varðar almennt velsæmi eða þegar hlífa þarf tilteknum aðilum. Vændiskaupamál virðast eiga að vera lokuð vegna hagsmuna þeirra sem vændi selja miðað við dómsúrlausir. Nú kann að vera að það sé rétt í einstökum tilvikum en þeir þurfi sérstaka vernd en ég er ekki viss um að það geti átt við almennt.

Ef dómar í vændismálum eru á annað borð birtir finnst mér eðlilegt að nöfn ákærðu komi þar fram enda er meginreglan sú samkvæmt gildandi reglum að nöfn ákærðu eru birt í sakamálum en ekki annarra aðila. Undantekning frá því er þegar nafnbirting er andstæð hagsmunum brotaþola. Ég á erfitt með að sjá að það geti átt um nafnbirtingu í vændiskaupamálum.

Það má alveg deila um það hvort nafnbirting í dómum eða opinber réttarhöld hafi fælingarmátt og hvort það sé eðlileg leið til þess að skapa fælingu. Grunnhugsunin er sú að það séu viðurlögin sem skapi fælingarmáttinn. Mér finnst aðalatriðið vera það að við höldum okkur við það að réttarhöld séu sem mest opin og að allir sitji við sama borð.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Í takt við annan veruleika

Það tók mörg ár að fá umræðuna um kynferðisofbeldi upp á yfirborðið og enn fleiri ár að fá viðurkennt að vændi væri hluti af slíku ofbeldi. Með vændiskaupalögunum sem góðu heilli fengu mikla umræðu í samfélaginu áður en þau voru samþykkt var það loksins viðurkennt að vændi er angi af kynferðisofbeldi og skyldi ekki líðast. Ennfremur var viðurkennt að ábyrgðin á ofbeldinu lægi hjá kaupendunum / ofbeldismönnunum. Við erum með ótal samtök og úrræði fyrir þolendur ofbeldis og hryllum okkur við fjölda þeirra og hversu vandamálið er útbreitt. Allir geta tekið undir það að kynferðisofbeldi er samfélagsmein og ber að fordæma. Málið flækist hins vegar alltaf þegar afhjúpa á gerendurna. Enn á sá maður eftir að koma fram sem viðurkennir að hafa nauðgað eða beitt kynferðisofbeldi. Algengara er að menn sem eru ásakaðir um slíkt verjist af hörku og kæri þolendur fyrir meiðyrði og falskar ásakanir. Við erum enn bara með þolendur en fáa gerendur.

Mynd: Pressphotos.biz

Lokuð réttarhöld yfir vændiskaupendum er í takt við þennan veruleika. Það má ekki setja andlit á ofbeldismenn, það eru engir gerendur aðeins þolendur. Rökin um að vernda skuli þolendur halda illa í þessu tilviki þó stundum geti þau vissulega átt við. Þolandinn er af erlendu bergi brotin og farin úr landi og ég trúi því ekki að nafn hennar verði opinberað í dómsskjölum. Áhrif þess að nöfn ofbeldimannanna verði birt varpa hins vegar kastljósi á þá frekar en þolandann og fælingaráhrifin væru augljós. Fyrst og fremst verðum við hins vegar að viðurkenna það að það eru ofbeldismenn sem beita ofbeldinu – það er ekkert sem gerist óvart eða í lausu lofti.

Gylfi Björn Helgason, háskólanemi

Tómarúm

Ég þverneita að taka þessa röksemdarfærslu gilda að umfjöllum um mál (í þessu tilviki kynferðisbrotamál) leiði hiklaust til þess að fólk fari að semja níðingsvísur um hvert annað. Ástæðan er af tvennum toga. Í fyrsta lagi tel ég að það feli í sér að brotaþoli í dómsmálinu sé vændiskaupandinn en ekki vændiskonur. Í öðru lagi er grunnforsenda almennar umræðu að mínu mati að bera virðingu fyrir fólkinu í kring og það hafi þann þroska að geta dæmt sjálft um einstök málefni líðandi stundar og hegðað sér á skynsaman hátt.

Ég get ekki tjáð um lagalegu hliðina á málinu, til þess er ég ekki nógu fróður um þau mál, en það vekur upp furðu mína að vændiskaupamál (miðað við upplýsingar í uppleggi spurningarinnar) séu eingöngu til umfjöllunar í einhverjum lokuðum dómhring sem fáir hafa aðgang að. Fyrir vikið myndast ákveðið tómarúm og fólk fer að reyna fylla upp í það með ýmsum tilgátum sem oftar en ekki leiðir til þess að umræðan endi eins og hún er.

Dóra Ísleifsdóttir, prófessor við LHÍ

Forréttindin

Það er gilt umhugsunarefni í litlu samfélagi hvort glæpur einstaklings valdi saklausu fólki sárindum og tjóni og varkárni réttmæt hvað það varðar. Og ég vildi að ég treysti íslensku réttarkerfi fullkomlega til að meta slíkt en það er nú ekki svo. Því miður hafa niðurstöður og meðferð mála sem varða kynferðisofbeldi, sem vændi er í mínum huga, alltof oft sýnst mér óréttmætar og fornfálegar. Og taka mið í alltof miklum mæli af feðraveldisvarnartaktík og í alltof litlum mæli af ríkjandi valdaójafnvægi sem skapast ekki síst af samtryggingu forréttindahópsins Hvítir miðaldra karlmenn. Því miður treysti ég ekki alltaf íslenskum dómstólum til að verja þá valdaminni fyrir þeim valdameiri. Og þar með treysti ég þeim illa fyrir réttlætinu, einkum í svona málum. Hugmyndin um hamingjusömu hóruna er að mínu mati óendanlega langsótt og ótrúverðug, þó mögulega séu þær til. Aðalmálið er að svokallað vændi og kaup þar á er valdníðsla. Maður á víst það sem maður kaupir. Og má gera við það sem maður vill. Það getur ekki verið annað en valdbeiting þegar um er að ræða manneskju. Þess vegna er undarlegt að loka réttarhöldum í þessum málum og hlífa þeim sem brjóta af sér með þessum hætti. Og ef markmiðið er að hlífa öðrum en þeim, þá er örugglega hægt að gera það án þess að hlífa þeim óvart líka. Og afsakið meðan ég æli yfir sektarupphæðum. Og þeirri „refsingu" að sekta fyrir kynferðisofbeldi. Að hækka verðið bara aðeins! Það er ofbeldi í sjálfu sér. Grátt ofan á svart.

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni líðandi stundar með lesendum. Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin sannfæringar en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórnmálaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.

Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur

Stóra samhengið

Hér er kannski aðalspurningin sú hvort ástæða sé að víkja í þessum málum frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að réttarhöld séu haldin í heyranda hljóði. Ég held að svo sé ekki. Skömm og sársauki eru óhjákvæmilegir fylgifiskur þess að vera opinberlega til umfjöllunar, eins og gerist í réttarhöldum og þar líða ekki bara hinir seku. En stóra samhengið snýr að ofbeldinu sem felst í vændiskaupunum og þar megum við ekki rugla saman hver hin raunverulegu fórnarlömb eru.

Munum líka að samhengi þessa máls er mansal og frelsissvipting sem því fylgir. Hér er því um dauðans alvöru að ræða og mikilvægt að taka með þunga og alvöru á brotum sem stuðla að ánauð og frelsisskerðingu kvenna sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Ef lokuð réttarhöld yfir meintum vændiskaupendum hindra baráttuna gegn mansali og kynbundnu ofbeldi eru þau ekki af hinu góða.

LANGAR ÞIG TIL

ORLANDO

ÁRNASYNIR

KAUPTU 1 KG ÖSKJU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ

FERÐ FYRIR 4*

Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Síríus, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á konfektleikur@noi.is.

**Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.*

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

30. nóvember:	7. desember:	14. desember:	21. desember:
ORLANDO FERÐ FYRIR 4	ORLANDO FERÐ FYRIR 4	ORLANDO FERÐ FYRIR 4	ORLANDO FERÐ FYRIR 4

Quality Cocoa for a Better Life

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa konfekt er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓA Konfekt

MENNINGIN

Flestar bækur keyptar í gjafir

Hildur Björgvinsdóttir

„Íslendingar gefa hlutfallslega mest út af bókum á hvern íbúa og sama má segja um sölu bókatitla á hvern íbúa. Við viljum skilgreina okkur sem bókaþjóð en að sama skapi vilja stjórnvöld leggja stein í götu þessarar mikilvægu greinar með auknum álögum. Meirihluti ferðamanna sækir landið heim vegna náttúru þess og menning kemur þar í öðru sæti þannig að bókaútgáfa skilar margfalt meiri tekjum en bara veltunni í bókaútgáfu og bóksölu.“ segir Dögg Hjaltalín viðskiptafræðingur sem skrifaði um ábata og umfang íslensks bókamarkaðar í meistararitgerð sinni. Þar vildi hún varpa ljósi á íslenskan bókamarkað, bæði hvaða aðilar séu þar í aðalhlutverki og hvað það er sem einkennir markaðinn. Þá skoðaði hún hversu mikla styrki bókaútgáfa hlýtur og hversu mikil þjóðhagsleg áhrif bókaútgáfu og bóksölu eru.

Meiri hagsmunum er fórnað fyrir minni með hækkun á virðisaukaskatti á bækur, segir Dögg Hjaltalín.

Umfjöllunin góð auglýsing

Dögg segir flestar bækur keyptar sem jafir og því sé jólabókaflóðið afar mikilvæg vertíð fyrir bókaútgáfur. „Einnig skapast ákveðin stemning fyrir jólin sem smitast í alla umræðu og rithöfundar og bækur eru fyrirferðamiklar í fjölmiðlum fyrir jólin. Allt skiptir þetta máli fyrir bóksöluna því virði umfjölluninnar er mun meira en nokkur útgefandi gæti borgað í auglýsingar.“ Hún segir að þótt mest seljist af bókum fyrir jólin seljist bækur allt árið um kring. „Bókaútgefendur hafa unnið gott og þarft starf með því að dreifa útgáfunni yfir allt árið og í hverjum mánuði koma út margir áhugaverðir titlar þrátt fyrir að stór hluti þeirra sé stílaður á jólavertíðina.“

Rafbækur spennandi viðbót

Sala rafbóka hefur ekki náð flugi hér á landi að sögn Daggar en sífellt fleiri titlar eru þó gefnir út á rafbók samhliða hefðbundinni útgáfu. Hún telur rafbókaútgáfu spennandi viðbót við markaðinn en sala rafbóka hefur aukist mikið hlutfallslega á stórum málsvæðum, t.d. í Bandaríkjunum og þá mest ákveðnar tegundir titla. Eitthvað hefur þó hægst á sölu rafbóka vestanhafs undanfarið ár og segir Dögg það geti verið merki um að markaðurinn þar hafi náð jafnvægi.

Hugsjónin drifkrafturinn

Árið 1995 var bóksala gefin frjáls og segir Dögg stórmarkaðina þá hafa komið inn á markaðinn enda hafi þeir barist fyrir að gefa hann frjálsan. Hún segir þá selja bækurnar án álagningar til að fá viðskiptavini inn í verslanirnar en nýjustu kannanir sýna að munurinn á útsöluverði bóka er allt að 42%. Þetta sé markaður sem hefðbundnar bókabúðir geti ekki keppt á enda sýni rekstrarafkoma þeirra það glögglega. Aðspurð hvort einhverjir græði á bókaútgáfu segir hún gróðravonina vera til staðar en eftir að hafa skoðað ársreikninga bæði bókaútgefenda og bóksala telur hún að það sé ekki mikið í krónum og aurum talið. „Ég tel að hugsjón sé drifkrafturinn á þessum markaði en ekki hagnaðarvon. Nýjustu opinberar tölur sýna að ársveltan er í kringum sjö milljarðar króna og því eru tekjur ríkissjóðs af hækkun virðisaukaskatts á bókum innan við 500 milljónir króna. Ég hef miklar áhyggjur af hækkun virðisaukaskatts á bækur því með því er verið að hækka verð á bækur sem eru í beinni samkeppni við alla aðra afþreyingu. Áhugavert er einnig að nefna í þessu samhengi að Svíar lækkuðu virðisaukaskatt á bókum úr 25% í 6% árið 2002 og leiddi það til 20% aukningar í bóksölu og að sjálfsögðu eru frændur okkar Norðmenn ekki með virðisaukaskatt á bókum. Bókaútgáfa hefur verið blómleg en það er óþarfi að sælast í þá vasa sem eru litlir fyrir. Það er einnig verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni þar sem lestur bóka er mikilvægur fyrir þroska fólks, lesturinn eykur lífsgæði og sterk bókmenning skapar betri sjálfvitund og ímynd þjóðarinnar.“



Á meðfylgjandi mynd eru dæmi um hagnað af bókaútgáfu í nokkrum nágrannalöndum okkar. Hagnaður af bókaútgáfu er hlutfallslega lægstur á Írlandi og Bretlandi eða 25% þrátt fyrir að þar sé ekki innheimtur virðisaukaskattur af bókum en markaðurinn þar einkennist af mjög mikilli og harðri samkeppni. Framlegð af bókaútgáfu er 40% í Hollandi en þar er innheimtur 6% virðisaukaskattur á bækur en á móti kemur að ekki má selja bækur á afslætti þar fyrsta árið frá útgáfu þeirra.

Ekki missa af ...

...Íslenskum hönnuðum í Hörpu. Hópur íslenskra hönnuða mun fram að jólum sýna helstu nýungar sem fram komu á árinu í bland við vinsælustu vörur sínar. Hönnuðirnir sýna í rýminu þar sem verslunin 12 tónar voru áður í Hörpu. Þeir hönnuðir sem þátt taka í þessu verkefni eru Steinunn Vala, Ingibjörg Hanna, Marý, Hekla og Sveinbjörg í samstarfi við verslun Epals í Hörpu. Á boðstólum eru fallegar gjafavörur á borð við viskustykki, púða, teppi, thermobolla, sængurver, birkibakka, kerti og kertastjaka, servíettur, hálsfestar og hringa svo eitthvað sé nefnt. Opnunartími sýningarinnar er alla virka daga frá 10 til 18 og á laugardögum frá 11 til 16 fram að jólum.

...gamaldags jólaballi. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Gamla bíói undanfarna mánuði og mun starfsemi hefjast aftur í húsinu fljótlega. Á morgun, sunnudag, er yngstu kynslóðinni boðið á gamaldags jólaball með lifandi tónlist, jólasveinar og Ómar Ragnarsson kíkja í heimsókn og gómsætar veitingar verða í boði. Barnaböllin verða tvö, kl.13.00 og kl. 16.00 og er frítt inn á meðan húsrúm leyfir. Tilvalið tækifæri til þess að koma og skoða endurgert Gamla bíó.

...jólamarkaði. Grýtan mun í dag halda jólamarkað í húsnæði sínu að Keilugranda 1, kl.12-17. Meðal þeirra sem munu hafa vörur sínar til sölu eru Leynibúðin Laugavegi, Erla G, NORMA, Náttuglur og Nogi.

REYKJAVÍK VIKUBLAD
Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is.

UMFJÖLLUN

Brauðmola-kenningin lifir

„Frumvarp til fjárlaga er fyrir árið 2015 er hallalaust annað árið í röð,“ sagði í kynningarglærum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra við framlagningu fjárlagafrumvarpsins í september. Þar endurómaði sú stefna núverandi ríkisstjórnarflokka að skuldasöfnun verði stöðvuð. „Ríkisfjármálastefnan fyrir árið 2015 endurspeglar að tekist hefur með markvissum aðgerðum að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum,“ segir ennfremur. Þá segir í glærunum að óbrotin skuldasöfnun frá 2008 hafi verið stöðvuð.

Matarskattur

Í tengslum við fjárlagafrumvarpið eru boðaðar töluverðar breytingar á skattheimtu. Mikil umræða hefur verið vegna hækkunar skatts á matvöru en boðaðar eru breytingar á virðisaukaskattsprósentu. Þannig verður efra þrep skattsins lækkað úr 25,5% í 24% en lægra þrepið hækkað í 11%. Þess ber að geta að boðað var að gjaldið yrði 12% en það ku hafa verið lækkað til að koma til móts við Framsóknarflokkinn. Um leið verður almennt vörugjald afnumið. Fjármálaráðherra boðaði um leið hækkun á barnabótum. Í fjárlögum er að finna breytingu á greiðsluþátttöku sjúklinga og styttingu á atvinnuleysisbótarétti. Launþegar eiga í dag rétt á atvinnuleysisbótum í allt að þrjú ár en eftir breytinguna verður það tímabil stytt í tvö og hálft ár. Viðamikil breyting sem sjá má í frumvarpinu er svo að jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna verður hætt á næstu árum. „Þetta veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði og þá mest hjá sjóðum verkamanna og sjómanna sem búa við mesta örorku,“ segir í ályktun miðsstjórnar ASÍ vegna þess.

Fjölmiðlar með ólíkindum

Reykjavík vikublað hafði samband við Vigdísi Hauksdóttur, formann fjárlaganefndar, og óskaði hennar sýnar á þá stefnu sem birtist í frumvarpinu. Vigdís sagði gagnrýni á frumvarpið „Samfylkingarspuna“ og sakaði blaðamann um að halda áfram málþófi stjórnarandstöðunnar. Þá sagðist hún ekki hafa tíma til að svara spurningum og sagðist hafa svarað spurningum stjórnarandstöðunnar á þingi. Vigdís endurtók efnislega þessi orð sín í færslu á Facebook skömmu eftir orðaskipti við blaðamann. „Það er með ólíkindum hvernig sumir fjölmiðlar haga sér - nú halda þeir áfram málþófinu í fjárlögunum þegar umræðu sleppir í þinginu - og hafa þar með tekið við af kjörnum fulltrúum - öll svörin og spurningarnar eru í þingskjölum.“

Hver er stefnan?

„Stefnan eins og hún er kynnt er að það sé mikilvægt að sýna aðhald í ríkisrekstrinum,“ segir Stefanía Óskarsdóttir lektor við Háskóla Íslands og doktor í stjórnmálafræði. „Það var sparnaðarkrafa á flestar opinberar stofnanir. Það er mikilvægt að borga niður erlendar skuldir. Það á að einfalda skattkerfið með því að hækka skatta á mat. Síðan fannst allt í einu eitthvað svigrúm sem hægt var að nýta til að auka útgjöld til nokkurra stofnana. Það var gert með því að Seðlabanki borgaði einhvern arð til ríkisins,“ segir Stefanía. Hún bendir á að ríkissjóður sé í miklum vanda vegna þess að það lögðust miklar skuldir á ríkið í kjölfar hrunsins. Þolinmæðin sé hins vegar minni en hingað til. Fólk hafi á árunum eftir hrun verið tilbúið til að taka á sig byrðar vegna þess að það var vandi sem steðjaði að. Þegar stjórnmálamenn hafi svo farið að tala um að allt væri á uppleið þá vilji fólk sjá það í bættum kjörum og aukinni velmegun.

Hækkun matarskatts og gjöld í velferðarþjónustu koma verst við láglaunafólk.

Brauðmolakenningin

„Það eru vísbendingar um að yfirvöld séu að hverfa aftur til kerfis nýfrjálshyggjunar,“ segir Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðiprófessor við HÍ spurður um hugmyndafræði og stjórnmálakenningar að baki fjárlagafrumvarpinu. „Það eru komnar þessar miklu skýrslur frá OECD og Alþjóðabankanum um neikvæð áhrif ójöfnuðarins. Það er að segja að ójöfnuður dragi úr hagvexti. Þessa stefnubreytingu [sem er að baki skýrslunum] sáum við hjá AGS þegar bankinn samþykkti áætlun Íslendinga. Áætlun sem gekk út á að verja hina efnaminnstu.“ Svanur segir að raunar séu fjárlögin í ár í grófum

atli@thorfanndal.com

Atli Þór Fanndal

Vigdís. Telur gagnrýni vera „Samfylkingarspuna“.

Stefán. Brauðmolakenning í sjávarútvegi.

Svanur. Aftur á leið til nýfrjálshyggju.

Stefanía. Stefnan er að sýna aðhald.

„Fólk sér þetta og horfir upp á hnignandi heilbrigðisþjónustu og aðþrengda skóla. Spennan er um þetta. Ég hygg að það sé þess vegna sem ríkisstjornin er ekki að ganga lengra. Þeir ætluðu sér alltaf að ganga miklu lengra,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor. Mynd: Pressphotos.biz.

dráttum í samræmi við fyrri stefnu. „Það að leggja niður auðlegðaskattinn er auðvitað ekki ákvörðun þessar ríkisstjórnar. Það var ákveðið áður en hún tók við. Ágreiningurinn er samt falinn í því að brauðmolakenningin er enn í fullum gangi varðandi sjávarútveginn. Þar á ég við þessa stefnu að hlaða undir útgerðarmenn og hlífa sjávarútvegnum við skattlagningu. Það er stefnubreyting frá fyrri ríkisstjórn. Þeir eru að lækka skatt á útgerðina og hugmyndafræðina að baki skattheimtunni.“ Svanur bendir á að það sem hafi breyst er að nú tali stjórnarliðar nokkuð fyrir brauðmolakenningunni. „Það er verið að tala opinbskátt fyrir brauðmolakenningunni og nýfrjálshyggjunni. Það var undirliggjandi í sem þeir gerðu áður, en þeir töluðu ekki um það jafn opinberlega.“

Lífeyrisréttindi

Svanur bendir á að átökin í kringum fjárlögin geti átt sér þá skýringu að yfirvöld hafi ekki haft nægilega mikið samráð um nokkrar breytingar. „Það er að hleypa öllu í háaloft að þeir svíkja samkomulag um að ríkið veiti lífeyrissjóðunum framlag vegna öryrkja.“ Þá hefur ASÍ gert athugasemdir við styttingu á tímabili atvinnuleysistrygginga og sveitarfélögin einnig. Fjárlögin boða styttingu úr þremur árum í tvö og hálft. ASÍ segir þetta gert án samráðs við aðila vinnumarkaðsins. Slíkt sé óheyrt. Atvinnutryggingakerfið íslenska er greitt með tryggingagjaldi atvinnurekenda. Rekstur þess er raunar hluti af samkomulagi á vinnumarkaði. Mikil óánægja er með þetta hjá ASÍ en hafa verður í huga að félagsmenn voru afar hófsamir við gerð síðustu kjarasamninga. Stjórn ASÍ lagði þar sitt af mörkum og talaði fyrir stöðugleika og hófsömum kröfum. Stjórnin fékk töluvert bágt fyrir þá afstöðu sína. Það var því við því að búast að verkalýðshreyfingin tæki boðaðar breytingar föstum tökum. Auk þess að boða hækkun skatts á mat og þræta fyrir að slíkt hafi áhrif á láglaunafólk umfram hátekjufólk hefur ríkisstjórnin boðað aukna þátttöku sjúklinga í kostnaði heilbrigðiskerfisins. „Það stefnir í erfiðari kjarasamninga á almennum vinnumarkaði en um langan tíma. Sú stefna stjórnvalda sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu gerir stöðuna enn erfiðari. Laun munu þurfa að hækka sérstaklega til þess að mæta auknu álögum s.s. á matvæli og heilbrigðisþjónustu. Þær launahækkanir þurfa að koma til viðbótar nauðsynlegum launaleiðréttingum. Launafólk að þarf því að búa sig undir hörð átök á vinnumarkaði,“ segir í yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands. ASÍ er stærsta fjöldahreyfing landsins. Í kringum hundrað þúsund manns á vinnumarkaði eru í samtökunum. Það er því ekki nema von að stjórnarliðar vilji stimpla gagnrýni samtakana sem „Samfylkingarspuna“ fremur en harkaleg skilaboð stærstu hreyfingar á vinnumarkaði.

Molnar úr heilbrigðiskerfinu

„Það má auðvitað segja að lækkun veiðigjalda sé í anda brauðmolakenningarinnar,“ segir Stefán Ólafsson félagsfræðingur um fjárlögin. „Ríkisstjórnin hefur þó á móti verið að gera hluti eins og að auka greiðslur í lífeyrissjóði sem kemur á móti. Það er hægt að segja að það sé skýr áherslumunur núna frá því sem var hjá síðustu ríkisstjórn. Þeir eru ekki eins mikið fyrir jöfnunaraðgerðir,“ segir Stefán en segir ríkisstjórnarflokkana tvo ekki hafa gengið eins langt og þá væntanlega langi. „Áhrifin af því sem þeir eru að gera eru hærri skattbyrði á þá tekjulægri og lækkuð skattbyrði á þá sem eru tekjumeiri. Þetta er samt ekki mikill munur. Svo koma þeir með hækkanir á barnabætur og sennilega verða húsaleigubætur hækkaðar. Þetta slær allt svolítið í sitthvora áttina.“

Ekki kúvending enn

„Í heildina myndi ég ekki segja að þetta væri mikil kúvending,“ segir Stefán. „Ég held að þá langi til þess í Sjálfstæðisflokknum að ganga miklu lengra. Sjálfstæðismenn eru enn með retoríkina um að það þurfi að gera allt fyrir atvinnulífið; létta á sköttum, auka frelsi, aflétta höftum og aflétta reglugerðum og svona en Samtök atvinnulífsins eru náttúrulega að væla. Þeim finnst ekki nóg gert fyrir sig. Samtökin eru auðvitað kröfuhörð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur allavega ekki hafnað retoríkinni um brauðmylsnukenninguna, en þeir eru kannski ekki að gera neitt stórt enn sem komið. Það hallar meira í þá áttina en það væru ýkjur að segja að það væri einhver stór skref.“

Mikil átök

Óþreyjuna í kringum frumvarpið segir Stefán ekki skýrast af stefnubreytingu yfirvalda einni saman. „Almenningur er óþreyjufullur og finnst hann ekki fá þær kjarabætur sem við ættum að fá. Fólk horfir upp á að skattar lækka á útgerðarmenn og auðlegðaskatturinn er tekinn af. Menn sjá alveg kjörstillingarnar; sérstaklega hjá Sjálfstæðisflokknum. Það leynir sér ekkert,“ segir Stefán. „Fólk sér þetta og horfir upp á hnignandi heilbrigðisþjónustu og aðþrengda skóla. Spennan er um þetta. Ég hygg að það sé þess vegna sem ríkisstjórnin er ekki að ganga lengra. Þeir ætluðu sér alltaf að ganga miklu lengra í átt að því að endurheimta skattkerfið eins og það var fyrir hrun. Það kerfi var með einhver almestu fríðindi sem finnast fyrir fjárfesta, hátekjufólk og fyrirtækjaeigendur. Þeir ætluðu sér að snúa klukkunni þangað. Þeir gera það samt ekki alveg núna. Það skiptir líka máli hvað ASÍ tók harkalega á móti.“

Reykjavík vikublað ræddi jafnframt við Hannes Hólmstein Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ. Hann er staddur erlendis og óskaði eftir að fá spurningar sendar í tölvupósti. Hann hafði ekki svarað þegar blaðið fór í prentun.

LOÐSKINN
STÓRLÆKKAÐ VERÐ TIL JÓLA!

Tilboð 6.480
VÉDÍS Kragi úr kanínuskinni
kr. 10.300

Tilboð 7.980
ÆSA Kragi úr kanínuskinni
kr. 12.700

ICEWEAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI, REYKJAVÍK - HAFNARSTRÆTI, AKUREYRI
www.icewear.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
3ja ára ábyrgð
Vandaðir krossar á leiði!

LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Allar gerðir myndbanda færðar yfir á DVD diska eða harða diska, svokallaða flakkara.

Gamlar kvikmyndafilmur yfirfærðar á DVD diska.
8mm Regular og Super eru algengastar en við yfirfærum einnig 9,5mm, 16mm og 35mm.

Skyggnur (Slides) skannaðar yfir á diska sem hægt er síðan að skoða í tölvum og sjónvörpum og prenta út á pappír.

Hljómplötur og allar gerði tónbanda, t.d. kassettur og ¼" segulbandspólur færðar yfir á geisladiska.

Gerum nokkurn veginn allt sem þér dettur í hug varðandi hljóð- og myndvinnslu.

MBV
MYNDBANDAVINNSLAN&HLJÓÐRITI
Hátúni 6b. Sími 562 1026. www.mbv.is

www.yummy.is
FRÍ HEIMSENDING
ÖLLU MATSEÐLI Á..
http://banthai.is/menu_nanathai.htm
na na thai
S : 588-1818
nanathai@yummy.is
Skeifan 4, 108 Rvk.

XPRENT
- hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

100 ár af kosningarétti

Þann 30. desember verður blásið í lúður og afmælisár boðið velkomið. Fluttur verður fyrirlestur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem hún hélt einmitt þann dag árið 1887. Hann er oft talinn marka upphaf kvennabaráttunnar á Íslandi (fyrirlesturinn má nálgast á heimasíðunni www. baekur.is og slá þar inn nafn Bríetar). Margt hefur að sönnu breyst frá árinu 1887. Það hefur þó komið þeim sem undirbúa flutninginn á óvart hversu margt er enn óbreytt og ógert. Það er full ástæða til að leggja leið sína í Iðnó þann 30. desember kl. 16. Allir eru velkomnir (gegn vægu gjaldi), en húsrými er takmarkað. Missið ekki af þessum upptakti!

Á næsta ári verða liðin 100 ár frá því Kristján konungur X skrifaði undir lög frá Alþingi sem færðu konum kosningarétt til Alþingis, mjög takmarkaðan að vísu, en langþráðan. Þetta gerðist þann 19. júní 1915 og alla tíð síðan hefur sá dagur verið sérstakur kvenréttindadagur.

Þessa stórviðburðar verður minnst með margvíslegum hætti. Alþingi hefur samþykkt að láta um 100 milljónir rakna til afmælishaldsins. Sérstök framkvæmdanefnd, sem kjörin var á almennum kvennafundi í september 2013, hefur haft veg og vanda af að velja afmælisverkefni. Auk upptaktsins í Iðnó þann 30. desember eru verkefnin þessi:

1) Safnasýningar

Höfuðsöfn landsins munu setja upp sérstakar sýningar. Í Landsbókasafni opnar sýning 16. maí 2015 er fjallar um sögu og þróun kosningaréttarins. Í Listasafni Íslands opnar sýningin „Áhrifakonur í íslenskri myndlist" þann 30. janúar, og sýning helguð Nínu Tryggvadóttur opnar 12. september. Þjóðminjasafnið heldur sýningu sem nefnist „Konur í 100 ár" auk þess sem farið verður yfir grunnsýningu safnsins með kynjagleraugum.

2) Hátíðahöld á Austurvelli

Sérstakur hátíðaþingfundur verður í Alþingishúsinu fyrir hádegi þann 19. Júní 2015. Húsið verður opið almenningi þennan dag og þar verður sérstök sýning með leiðsögn. Eftir hádegi verður efnt til almennrar hátíðar á Austurvelli. Meðal viðburða verða kvennatónleikar þar sem nokkrar af okkar fremstu tónlistarkonum munu koma fram.

3) Ráðstefna

Framkvæmdanefndin mun ásamt fleirum gangast fyrir alþjóðlegri ráðstefnu, sem tileinkuð verður kosningarétti kvenna, lýðræði og lýðréttindum. Hún verður haldin dagana 22. -23. október 2015. Meðal gesta verða Vigdís Finnbogadóttir, Gro Harlem Brundtland og Laura Ann Liswood.

4) Rit

Rannsóknarrit, helgað 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, mun koma út á árinu 2020, en þá fengu konur kosningarétt til jafns við karlmenn. Sögufélagi hefur verið falin umsjá ritsins.

5) Verkefnastyrkir

Stofnaður var sérstakur sjóður um styrki vegna verkefna sem tengjast markmiðum afmælisársins. Mikill fjöldi umsókna barst þegar styrkir voru auglýstir í október og var sótt um til margháttaðra verkefna um allt land sem sýna mikinn áhuga, metnað og hugmyndaauðgi. Úthlutun er nú lokið, en styrkir verða aftur auglýstir í febrúar.

Höfundur er Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og formaður framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Auk þessa má nefna að Íslandspóstur gefur út sérstakt amælisfrímerki þann 30. apríl 2015. Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með tónleika þann 11. júní 2015 undir yfirskriftinni „Höfuðskáld og frumkvöðlar" og á efnisskrá verða eingöngu verk eftir konur. Margt er enn í mótun víða um land, sem væntanlega verður greint frá síðar.

Ég vil hér með hvetja alla skipuleggjendur til að tilkynna viðburði til afmælisnefndar sem heldur úti sérstakri upplýsingavefsíðu með viðburðadagatali: www. kosningarettur100ara.is. Þar er skráður nokkur fjöldi viðburða og bætist ört í hópinn. Það er fljótlegt og gott að geta nálgast alla viðburði á einum stað. Fylgist með frá byrjun!

„Æ, haltu kjafti, mannskratti"

Kristín Steinsdóttir rithöfundur hefur sent frá sér Reykjavíkursöguna Vonarlandið. Sagan sem gerist á 19. Öld, segir sögu nokkurra alþýðukvenna sem búa saman í litlu koti og reyna að bjarga sér sem best þær geta. Þær bera kol á bakinu, vinna í saltfiski, bera vatn og þvo þvotta. Þær þrá að sleppa úr viðjum fátæktar og láta ekki sitja við orðin tóm. Reykjavík vikublað birtir hér stuttan kafla úr bókinni.

Þegar Guðfinna gengur upp Bakarastíginn er líf tekið að færast í bæinn og vatnsberarnir að tínast að. Hún staldrar við og eitt augnablik langar hana til að henda frá sér balanum og slást í hópinn í stað þess að fara inn í Laugar. Þarna er Jóka mætt með vatnsskjólurnar. Þær fylgjast oft að fyrsta spölinn á morgnana en í dag tók það Guðfinnu lengri tíma en venjulega að festa þvottabalann og búa sig af stað og Jóka var þotin á undan. Segir það skipta máli að komast snemma í röðina.

Þyrpingin við vatnspóstinn er þögul í morgunsárið. Þeir sem bíða blása í kaun og berja sér til hita, einhver raular lagstúf en sá sem póstar vatninu reynir að hraða sér. Sé hann að drolla fær hann að finna fyrir því hjá hinum. Úti í myrkrinu hrópar næturvörðurinn:

– Klukkan er sex! Vindurinn er hóflegur!

– Æ, haltu kjafti, mannskratti, er tautað í þvögunni. Svo halda menn áfram að þegja og bíða.

Guðfinna veit að við Laugarnar verður hún ekki ein. Hún er farin að kynnast sumum stúlkunum og spjalla við þær. Annars heldur hún sig mest til hlés og er eins og úti á þekju eftir að Stefanía fór. Hún kastar kveðju á vatnsberana og heldur áfram upp brekkuna.

Þrátt fyrir myrkur reynir hún að feta sig hratt en örugglega ósléttan stíginn, beygir á réttum stað, þræðir troðning gegnum Skuggahverfið og niður undir sjó. Eftir sporunum að dæma er hún ekki fyrst á ferð. Í gær snjóaði en í nótt hefur blotað og hún óttast að fyrr en varir verði allt orðið eitt forarsvað. Svo gæti hann líka skollið á með snjókomu. Það kembdi illilega fram af Esjunni rétt fyrir myrkur í gær. Hún er búin að vera nógu lengi í Reykjavík til þess að þekkja að það er ekki góðs viti. Guðfinna rýnir út í myrkrið, vonast eftir að koma auga á einhverja hreyfingu á undan sér eða eftir, veru með pinkla á baki, en sér ekkert. Heyrir ekki neitt nema gnauðið í vindinum.

Hún er ekki beint óörugg, búin að fara þessa leið oft áður, en henni hefði þótt betra að fylgjast með öðrum svona snemma morguns. Leyfir sér samt ekki að vera með neina vitleysu. Stundum ræður hún bara ekkert við óttann. Eins og núna, ein í myrkri um hánótt. Hún saknar Stefaníu.

(. . .)

Þegar þvottakonurnar fá sér kaffi og rétta úr bakinu eru sagðar sögur. Þá er talað um gott og vont. Oftar um gott. Sé blíða er hlegið og ærslast. Þær eldri hrista höfuðið, stynja og púa. Muna tímana tvenna og ekki allt jafnfallegt. Hana langar að spyrja en vill ekki. Vonar að seinna fái hún að heyra meira. Að mörgu leyti er gott að vera aðkomin. Hún þekkir ekki draugana og fjörulallana, veit bara að hún ætlar ekki að láta hræða sig. Vill ekki fara heim í sveitina aftur. Er sjálfrar sín í Reykjavík og ætlar að vera áfram.

Kristín Steinsdóttir, rithöfundur.

Hún setur skjóluna augnablik frá sér og hagræðir balanum á bakinu. Og nú grípur hana skelfingin. Hefur hún gleymt einhverju? Hún rýnir ofan í fötuna en sér illa. Þreifar fyrir sér í myrkrinu og finnur sápuna, þvottaklappið, sóda, bolla, kaffikönnu og matarbita. Guði sé lof, allt á sínum stað. Í dag er hún með þvott af tveimur kennurum við Lærða skólann og bætti við á síðustu stundu nokkrum flíkum fyrir pilt í skólanum sem þurfti sárlega að láta þvo af sér. Kannski var þetta fullmikill burður en hún tímir engu að sleppa. Hún fær greiðslu frá þeim öllum og veit hvað hún getur. Er skuldug og þarf að halda vel á spöðunum.

Við Fúlutjarnarlæk gengur hún fram á stúlku sem á í basli með farangurinn. Hún losar hana við skjóluna. Stúlkan er þakklát, talar um veðrið og færðina. Lækurinn er með minnsta móti og þær stikla auðveldlega yfir, losna við að fara niður í fjöru. Síðasti spölurinn er yfir Kirkjumýrina. Hann er drjúgur. Þær sneiða hjá mýrarkeldunum, gæta þess að týna ekki stígnum.

Og nú sjá þær gráhvíta gufustrókana frá Laugunum stíga upp í loftið.



Saga borganna

Glæsilegt yfirlitsrit um þróun borga á Vesturlöndum í 5000 ár.

Ítarleg umfjöllun um höfuðborgir Íslands, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Fyrsta yfirlitsritið á íslensku um þróun borga og borgarskipulag almennt.

Aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á skipulagi borga og menningarsögu.

Um 500 myndir, kort og skýringarmyndir prýða bókina.

Ævintýri H.C. Andersen

Sígild ævintýri H.C. Andersen eiga erindi við öll börn. Í þessari fallegu útgáfu birtast mörg af vinsælustu ævintýrum hans með einstökum myndskreytingum Val Biros.

Áður hafa komið út í sama flokki:
Dæmisögur Esóps
og *Grimmsævintýri*.



Sauðaþjófar og innbrotsmenn

Illur fengur **segir frá langri afbrotasögu í afskekktu héraði við Breiðafjörð á öndverðri 20. öld. Heimilisfólk á bæ í miðri sveit kemst upp með stórtækan sauðaþjófnað í áratugi og að því er virðist í skjóli sýslumanns sem jafnframt er þingmaður sýslunnar. Réttarhöld fara fram og skýrslur teknar af kærendum og meintum sauðaþjófum en þær lenda allar í harðlæstum skúffum sýslumanns.**

Það er svo ekki fyrr en sauðaþjófarnir færa sig upp á skaftið og taka til við annars konar og augljósari afbrot í sveitinni að héraðsmönnum er ofboðið.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is

Einföld og ánægjuleg matarjól

Svavar Halldórsson

Kannski eru fleiri en ég sem upplifa haustin sem drungalegan, blautan og kaldan tíma á milli sumars og jóla. Sjálfur man ég sjaldnast hvaða mánuður er – bara að mánaðarheitið endar á ber. Þetta er tímabilið þar sem börnin liggja í raðflensu, maður er alltaf með kvef og finnst eins og miðstöðin í bílnum hljóti að vera smíðuð úr gömlu sovét-góssi, hún er svo lengi að taka við sér. En sem betur fer er nóg að gera hjá flestum á þessum árstíma þannig að drunginn nær ekki fastari tökum á sálartetrinu en svo að við getum rifið okkur fram úr á morgnana og haldið út í daginn.

Það eru að koma jól

En svo einn daginn þegar maður stígur þreyttur út úr bílnum heima hjá sér eftir erfiðan vinnudag, falla snjóflyksur niður úr dimmum kvöldhimninum og dansa eins og litlir englar. Það verður skyndlega allt svo hljót og bjart og maður lítur í kringum sig í forundran, því gráminn hefur vikið fyrir fegurð vetrarins eins og hendi sé veifað. Innra vaknar til lífsins þessi einstaka tilfinning lífshamingju sem helst er tengd björtum sumarnóttum úti í íslenskri náttúru. Það er eins og hvítur snjórinn gæði allt einhverjum nýjum yl og lit ... og þá skyndilega uppgvötvar maður að það eru komnar jólaseríur á víð og dreif um bæinn. Það er eins og þær hafi hálfvegis vaxið á húsunum án þess að nokkur yrði þess var. Allt leggst á eitt eins og himintunglin á óskastundu. Það eru að koma jól!

Okkar eigin jólasiðir

Hvert og eitt okkar upplifir auðvitað jólin og aðventuna með sínum hætti. Sumt er þó þeirrar náttúru að það bindur okkur einstökum íslenskum jólaböndum. Nokkrir siðir eru sérstaklega einkennandi fyrir íslensk jól. Uppruna þeirra má annað hvort rekja aftur fyrir landnám, til sériślenskra aðstæðna fyrr á öldum eða danskra áhrifa síðar. Hvað matinn varðar þá hefst jólahald margra með skötuáti. Þetta er góður og gildur sem flestir kenna við Vestfirðina. Að norðan hefur svo laufabrauðið breiðst út um allt land og hangikjötið er ómissandi hjá flestum. Margir vilja líka hafa rjúpu á borðum og svo eru smákökur kryddið sem gerir jólin svo einstök. Hér er smá ráð til að minnka jólastressið! Veljum okkur það úr nægtarbúri jólasiðanna sem okkur líkar og sleppum hinu. Þar er engin kvöð að gera allt saman.

Jólaþorpssúpan 2014

Svo er hér að lokum uppskrift að hafnfirskri jólaþorpssúpu – gjöf okkar Hafnfirðinga til höfuðborgarabúa á aðventunni.

Jólaþorpssúpan 2014 - fyrir 4-6

HRÁEFNI

1 msk. ólífuolía
1 laukur, sneiddur
2 hvítlauksrif, smátt skorin
1 msk. ferskt engifer, saxað
400 g sætar kartöflur, afhýddar og skornar í bita
300 g gulrætur, skornar í bita
1-2 tsk. rautt karrímauk (curry paste), eða 1 msk. sætt sinnep + 1 tsk. karríduft
1,2 líter grænmetissoð
salt, að smekk

Meðlæti: grísk jógúrt eða sýrður rjómi, gjarnan blandaður smátt söxuðum lauk eða kryddjurtum. Skraut, ef vill: Ferskt kóríander, smátt saxað chili.

AÐFERÐ:

1. Mýkjið lauk og hvítlauk í ólífuolíu við meðalhita í potti.
2. Bætið síðan sætum kartöflum, gulrótum og engifer saman við.
3. Hrærið í pottinum, veltið grænmetinu saman og látið malla í 5 mínútur.
4. Hellið grænmetissoði yfir og hrærið karrímaukinu saman við.
5. Sjóðið saman í 15-20 mínútur eða þar til sætar kartöflur og gulrætur eru orðnar vel mjúkar.
6. Látið mesta hitann rjúka úr og maukið súpuna loks í blandara eða með töfrasprota þar til orðin slétt og hæfilega þykk.
7. Hitið aftur ef þarf, saltið að smekk og berið fram með grískri jógúrt eða sýrðum rjóma og kannski örlitlum kóríander eða söxuðu chili.

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

FJALLA KOFINN

Gefðu gjöf sem gleður!

Smith skíðahjálmar.
Verð frá 9.995,-

Jetboil Zip prímus.
Verð 18.995,-

Smith skíðagleraugu.
Verð frá 4.995,-

Gabel Mont Blanc göngustafir.
Verð 9.995,-

Black Diamond Trail Back göngustafir.
Verð 15.995,-

Sea To Summit vatnsheld hulstur fyrir síma og fleira.
Verð frá 2.795,-

Life System Trek sjúkrataska.
Verð 4.495,-

Laken hitabrúsar.
Verð frá 5.995,-

Marmot Kompressor Verve 42 lítra bakpoki.
Verð 34.995,-

Eitt mesta úrval höfuðljósa frá **Petzl**, **Black Diamond** og **Silva.**
Verð frá 4.995,-

Silva Pocket 10 sjónauki.
Verð 7.995,-

Dakine Garden fartölvubakpoki.
Verð 9.995,-

Dakine Heli Pro 20L skíðabakpoki.
Verð 19.995,-

Light My Fire nestisbox.
Verð 2.995,-

Silva skrefamælar.
Verð frá 3.595,-

Yaktrax Pro hálkugormar.
Verð 5.495,-

Yaktrax Walker hálkugormar.
Verð 3.995,-

Scarpa Mojito – margir litir!
Verð 24.995,-

Silva Ranger S áttaviti.
Verð 6.495,-

Yaktrax Run hlaupagormar.
Verð 7.995,-

Veriga Mount Track hálkubroddar.
Verð 7.995,-

Gjafabréfin okkar eru tilvalin jólagjöf

SJÓN ER SÖGU RÍKARI!

PETZL · Black Diamond · Smartwool · Marmot · ARC'TERYX · SCARPA · MARKER · Völkl · SILVA · JETBOIL · SEA TO SUMMIT · Julbo

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

13. DESEMBER 2014 • 46. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

Auglýsingar: 578 1190 & auglysingar@fotspor.is | Ritstjórn: 659-3442 & ingimarkarlhelgason@gmail.com

ÁL-SUÐA
Ryðfrí stál - ál - og járnsmíði
Nýsmíði og viðhald fyrir fiskvinnslur og fiskiskip.
Áratuga reynsla.

MANNBERG
Vélsmiðja sími 564 2002
Akralind 1 - 201 Kópavogi - mannberg@mannberg.is

BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn Helgason

Stríð gegn jólahaldi

Það er ótrúlegt hversu gríðarlega mikil og ástríðufull viðbrögð gagnrýni Lífar Magneudóttur á að grunnskólar í Reykjavík séu að skipuleggja heimsóknir í kirkjur á skólatíma hefur fengið. Það mætti halda að lýst hafi verið yfir stríði gegn jólahaldi og jólunum.

Þingmenn, borgarfulltrúar, bloggarar og virkir í athugasemdum hafa keppst við að lýsa yfir vandlætingu sinni og reiði. Til dæmis fullyrti Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að Líf væri hluti fámenns minnihluta sem vildi „úthýsa jólagleðinni“ úr lífi barna. Moggabloggarinn Páll Vilhjálmsson tók enn dýpra í árinni og fullyrti að gagnrýnin væri hrein „hryðjuverk“ og „menningarleg skemmdarverk“.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, gekk ekki jafn langt og Páll eða Ásmundur, þó hún væri furðu lostin á því að blessuð börnin fengju ekki að kynnast jólaboðskapnum á aðventunni. Eitt voru þó hún, Páll og Ásmundur, og reyndar flestallir sem hafa tjáð sig um þetta mál, sammála um, en það er að ljótt væri að svipta börnin jólagleðinni, kærleiksboðskapur kristninnar ætti erindi við alla og að kristnin væri hluti af menningu okkar og sögu.

Með því að setja sig á móti kirkjuheimsóknum á skólatíma væri fámennur en illviljaður minnihluti að grafa undan menningu landsins og sögu, kærleikanum og jólunum.

Þessi jólastormur er auðvitað hálf fáránlegur. Ef fólki finnst svona mikilvægt að börn fari í kirkju á aðventunni er eðlilegt að fjölskyldan fari saman í kirkju. Af hverju þarf það að gerast á skólatíma?

Æsingurinn er hins vegar mjög kunnuglegur öllum sem hafa fylgst með bandarískum stjórnmálum. Það er löngu orðinn árviss viðburður að menn eins Bill O'Reilly á Fox News, og Rush Limbaugh og aðrir öfgabelgir spjallútvarpsstöðvanna, gargi sig hása af bræði yfir ímynduðum árásum á jólahald og kristni. Nú er svo komið að „The War on Christmas“ er nánast óaðskiljanlegt jólahátíðinni sjálfri.

Það er athyglisvert að þessi bandaríski jólasiður hafi loks borist hingað til lands.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Iceland
OPIÐ 24 TÍMA

Komið nær ævintýrinu

Bognu sjónvörpin eru komin til að vera.
Bogna formið er ekki bara glæsilegt, það veitir líka dýpri og meiri myndupplifun. Uppáhalds þættina þína, kvikmyndir og íþróttaviðburði upplifir þú á alveg nýjan hátt með þeirri tilfinningu að allt sé að gerast í kringum þig.
Það er auðvelt að skilja hversvegna stöðugt fleiri velja sér bognu sjónvörpin.

Curved UHDTV Ultra High Definition 4K

SAMSUNG
SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-

65" UH65HU7205 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

SAMSUNG
SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

55" UH55HU8505 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

65" UH65HU8505 1.159.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-

SAMSUNG SOUNDBAR 310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.

HWH550
Sniðin fyrir 46" tæki.
111.920 áður 139.900

HWH751
310W lampamagnari.
151.920 áður 189.900

HWH7501
Bogin og hentar vel með 55".
151.920 áður 189.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

OPIÐ LAUGARDAG KL. 11 -18
SUNNUDAG KL. 13 -17

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR · BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON ÞAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333